

Vöktun náttúruverndarsvæða 2024

Verkefnið vöktun náttúruverndarsvæða innifól í sér fjórar gerðir vaktanna sem náttúrustofan sinnti á árinu 2024. Það var vöktun á gróðri, náttúruverndarsvæðum, fuglum og þéttleika hagamálsa við Dynjanda.

Gróðursnið

Náttúrustofa Vestfjarða fékk úthlutað 5 vistgerðasniðum sem vitja átti árið 2024, fjögur sem skilgreind voru á skaganum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og eitt á Dynjandisheiði í Vatnsfirði. Gróðurathuganir voru framkvæmdar 8.- 9. ágúst 2024. Ágætt aðgengi var að sniðunum sem tekin voru. Jarðvegssýnatökur tókust ágætlega og voru þurrkuð við heimkomu á morgunblaði og síðan sett í box og merkt og sent til Náttúrufræðistofnunar í haust.

Niðurstöður mælinga voru færðar inn í gagnagrunn NÍ um miðjan nóvember 2024. Greiningar voru gerðar af Hafðísi Sturlaugsdóttir og Huldu Birnu Albertsdóttur, en Rannveig Thoroddsen er hópstjóri verkefnisins hjá NÍ.

Snið	Vistgerð	Staðsetning
VF-20-01	Lyngmóavist	Dýrafjörður - Meðaldalur
VF-22-02	Bugðupuntsvist	Gemlufallsheiði – Brekkudalur
VF-21-10	Starmóavist	Vatnsfjörður – Dynjandisheiði
VF-16	Mosamelavist	Gemlufallsheiði
VF-30-01	Mosaheiðavist	Dýrafjörður - Hvammsdalur

Vöktun ferðamannastaða

Botn í Súgandafirði

Farið var að Botni í Súgandafirði 6. september 2024. Teknar voru drónamyndir af öllum stígum frá veginum að fossinum/surtabrandinum og teknar myndir á punktum sem notaðir verða sem viðmiðun um ástand stíga.

Dynjandi

Farið var að Dynjanda 12. september 2024 og teknar drónamyndir frá bílastæðinu að fossinum ásamt því að endurteknar voru myndatökur á punktum sem teknar voru árið 2021 og 2023.

Látrabjarg

Farið var að Látrabjargi 9. október 2024 og teknar drónamyndir á 2,5 km svæði sem stígar eru á. Myndatökur voru einnig endurteknar á punktum sem teknar voru á stígum árið 2021 og 2023.

Lambagilsá

Farið var að Lambagilsá 11. september 2024. Teknar voru drónamyndir af öllum stígum frá bílastæðinu að fossinum og teknar myndir á punktum sem notaðir verða sem viðmiðun um ástand stíga.

Allar athuganir á ferðamannastöðum voru gerðar af Ingrid Bobeková og er unnið að því að setja inn gögnin í gagnagrunn NÍ, og verður búið í lok vikunnar.

Mófuglar

Mófuglatalningar fóru fram á 6 sniðum á Vestfjörðum á árinu. Við hvert snið voru 16 punktar taldir með 300 metra á milli. Talið var í 5 mínútur og fjarlægð hvers fugls frá talningapunkti mæld. NV04_06 (Hamarsdalur við Ísafjarðardjúp) var talið 10. júní, NV09_03 (Arnkötludalur við Steingrímsfjörð) var talið 11. júní og NV04_01 (Syðridalur við Bolungarvík) var talið 13. júní 2024. Þessi þrjú snið voru talin af Ingrid Bobeková. NV01-1 (Kirkjubólisdalur við Dýrafjörð) var talið 12. júní, NV05-4 (Langidalur við Ísafjarðadjúp) var talið 10. júní, NV09-7 (Bæjarvötn á Bjarnarfjarðarhálsi) var talið 11. júní 2024 og þau snið talin af Cristian Gallo. Niðurstöður þessa talninga voru skilaðar til NÍ í gegn um Monitoring í desember 2024. Verkefnastjóri verkefnisins er Cristian Gallo en hópstjóri NÍ er Borgný Katrínardóttir.

Hagamýs

Farið var aftur á rannsóknarsvæðið í botni Afréttardals við Dynjanda þar sem 100 músargildrum var komið fyrir til athugunar á þéttleika hagamúsa. Gildrurnar stóðu frá 09-13. september og vitjað um þær á hverjum sólahring. Svæðið var 200*200 m að stærð og voru gildrurnar staðsettar í mismunandi vistgerðum innan svæðisins, flestar í lyngskógavist, en síðan kjarrskógavist, blómskógavist, mosamelavist, starungsmýravist, língresis- og vingulvist, lyngmóavist og fjalldrapamóavist. Útlínu svæðisins má sjá hér að neðan:

<i>Stöðvarheiti</i>	<i>LAT</i>	<i>LON</i>
A1	N65 45 07.3	W23 11 20.2
A10	N65 45 06.3	W23 11 05.8
J1	N65 45 01.5	W23 11 22.2
J10	N65 45 00.5	W23 11 07.7

Þegar fyrsta tæming var gerð 09. september var frekar kalt um 4°C en heiðskirtveður um morgnana og það varð hlýtt eftir hádegi. Í hverri ferð voru þrír starfsmenn og tóku ferðirnar misjafnlega langan tíma, lengstu ferðirnar voru með flesta nýveiðina, en fjölda veiddra músa má sjá í töflu hér að neðan. Verkefnastjóri náttúrustofunnar er Sigurður Halldór Árnason en sá Christofer Long um úttekt og innslátt gagna. Hópstjóri NÍ er Ester Rut Unnsteinsdóttir. Niðurstöður verkefnisins voru slegnar inn í skjöl á Teams svæði verkefnisins.

<i>Dags</i>	<i>Nýveiði</i>	<i>Endurveiði</i>	<i>Samtals fjöldi veiddra músa</i>	<i>Óflokkaðar*</i>
09.09.2024	1		1	
10.09.2024	1		2	1
11.09.2024	1		2	1
12.09.2024	2	1	3	
13.09.2024		2	2	
	5	3	10	2

* sluppu án þess að hægt var að mæla og/eða vita hvort væru ný- eða endurveiði.

Hulda B. Albertsdóttir

Hulda Birna Albertsdóttir

Deildastjóri

Náttúrustofa Vestfjarða